



2021

SJÁLFBAERNISKÝ RSLA

Útgefandi:

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, 569 9600, sedlabanki@sedlabanki.is, www.sedlabanki.is

1. rit. 11. júlí 2022 ISSN 2772-1744, vefrit

Öllum er frjálst að nota efni úr *Sjálfbærniskýrslunni* en þess er óskað að getið sé heimildar.

Formáli yfirstjórnar

Með Parísarsamningnum hafa ríki heims sett sér það markmið að halda hlýnun jarðar innan við tvær gráður á Celsíuskvarða og eins nálægt 1,5 gráðum og hægt er. Ríkisstjórn Íslands hefur undirritað og fullgilt samninginn og tekur þátt í sameiginlegri vegferð Evrópusambandsins og Noregs sem hefur það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 55% fyrir árið 2030. Þá stefnir ríkisstjórn Íslands einnig að því að landið verði kolefnishlutlaust eigi síðar en árið 2040.

Samkvæmt lögum um loftslagsmál ber Stjórnarráði Íslands, ríkisstofnunum og fyrirtækjum í meirihlutaigu ríkisins að setja sér loftslagsstefnu með skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun. Með stefnu sinni og markmiðum sem honum eru falin með lögum styður Seðlabanki Íslands við markmið stjórnvalda um sjálfbærni og mun bankinn þannig taka virkan þátt í að Ísland geti staðið við loftslagsskuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi.

Pótt meginabyrgðin á því að innleiða stefnu, tryggja fjármagn til að draga úr loftslagsáhættu og stuðla að skipulegri umbreytingu í kolefnishlutlaust hagkerfi liggi hjá öðrum stjórvöldum eru viðfangsefni á verksviði Seðlabankans sem krefjast þess að hann leggi sitt af mörkum. Mikilvægt er að Seðlabankinn sýni gott fordæmi með því að færa eigin rekstur og starfsemi í átt að kolefnishlutleysi. Það er einnig í verkahring Seðlabanka Íslands að skilgreina, meta og vakta áhættuþætti og áhrif loftslagsbreytinga, bæði á á þanþol fjármálakerfisins og hagkerfið í víðu samhengi.

Loftslagsbreytingar eru ein stærsta áskorun okkar tíma enda ógna þær hagsæld, velferð og tilvist mannkyns. Áhrif loftslagsbreytinga á náttúrufar, lífríki og samfélag, ósjálfbær nýting náttúruauðlinda en einnig umbreyting í kolefnishlutlaust hagkerfi munu fela í sér áraun fyrir fjármálakerfið og hagkerfið í heild. Mikilvægt er að Seðlabanki Íslands og aðrir seðlabankar bregðist við þessum breytingum af festu innan síns ábyrgðarsviðs.

Ásgeir Jónsson,
seðlabankastjóri

Gunnar Jakobsson,
varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika

Rannveig Sigurðardóttir,
varaseðlabankastjóri peningastefnu

Unnur Gunnarsdóttir,
varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits

Inngangur

Árið 2021 var viðburðaríkt á sviði sjálfbærni og loftslagsmála í Seðlabanka Íslands. Bankinn birti þá í fyrsta sinn umhverfis- og loftslagsstefnu ásamt aðgerðaáætlun þar sem stefnt er að því að minnka kolefnisspor bankans um 40% fyrir árið 2030. Stefnan er gefin út að fordæmi stjórnarráðsins og samkvæmt lögum nr. 70/2012, um loftslagsmál. Umhverfis- og loftslagsstefnan er meðal annars studd af innleiðingu Grænna skrefa og grænu bókhaldi.

Bankinn hóf á árinu virka þáttöku í starfi alþjóðlegra samtaka seðlabanka og fjármálaeftirlita um loftslagstengd málefni, *Network of Central Banks and Supervisors for Greening the Financial System (NGFS)*, sem hann gerðist aðili að í árslok 2020. Bankinn gaf út yfirlýsingum um markmið sín í loftslagsmálum í tengslum við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Glasgow (COP26) í nóvember 2021 ásamt fjölda annarra seðlabanka sem einnig eru meðlimir í NGFS-samtökunum.

Seðlabankinn skipulagði á árinu fundaröð fyrir starfsmenn þar sem fjallað var um hvernig loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra tengjast starfsemi bankans. Bankinn átti einnig frumkvæði að því að mynda tengslanet seðlabanka Norður- og Eystrasaltslanda þar sem loftslagsmál eru til umræðu í viðu samhengi. Þá gekk Seðlabankinn í félagasamtökin *Festu – miðstöð um sjálfbærni* og átti fundi með ýmsum ytri aðilum um loftslagsmál.

Seðlabanki Íslands gefur nú í fyrsta sinn út sjálfbærniskýrslu og er stefnt að árlegri útgáfu í takt við markmið bankans um að ná frekari árangri á sviði sjálfbærni á næstu árum. Skýrslan mun innihalda sjálfbærniupplýsingar úr rekstri bankans ásamt því að greina frá hvernig bankinn innleiðir loftslagsmál og sjálfbærni í kjarnastarfsemi sína. Þá verður reifað hvernig bankinn miðlar upplýsingum og styður við innleiðingu á sjálfbærni í þeirri starfsemi sem hann hefur eftirlit með.

Efnisyfirlit

Formáli yfirstjórnar	3
Inngangur	4
I Sjálfbærniþættir í rekstri Seðlabanka Íslands 2021	6
Umhverfisþættir	6
Umhverfis- og loftslagsstefna	6
Innleiðing Grænna skrefa	7
Grænt bókhald	7
Fundarröð um loftslagsmál	8
NGFS samstarf	8
Félagslegir þættir	9
Starfsfólk Seðlabankans	9
Jafnrétti í Seðlabankanum	10
Stjórnarhættir	10
Gildi og síðareglur	10
Ábyrgðarsvið varðandi loftslagsmál	11
Sjálfbærnískýrsla	11
II Skuldbindingar bankans í loftslagsmálum og leiðin fram á við	12
Markmið sviða	12
Yfirlýsing Seðlabankans í loftslagsmálum	12
I) Kolefnisspor í rekstri bankans	12
II) Kortlagning á loftslagsáhættu	12
III) Umbreyting vegna loftslagsbreytinga	14
Rammagreinar	
NGFS	8
TCFD	11
Loftslagsáhætta	13
Viðaukar	
Umhverfis- og loftslagsstefna Seðlabanka Íslands	15
Yfirlýsing Seðlabanka Íslands í loftslagsmálum	16
Ítarefni	17

Sjálfbærniþættir í rekstri Seðlabanka Íslands 2021

I

Umhverfisþættir

Umhverfis- og loftslagsstefna

Ný umhverfis- og loftslagsstefna Seðlabanka Íslands var birt í maí 2021 að fordæmi stjórnarráðsins (sjá viðauka II). Stefnunni er ætlað að vera leiðarljós Seðlabankans í að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda og taka þannig virkan þátt í að Ísland geti staðið við loftslagsskuldbindingar sínar. Bankinn einsetur sér að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni um 40% frá árinu 2019 til ársins 2030.


Seðlabankinn er þekkingarstofnun og hugvit og færni starfsfólks er mikilvægur þáttur í starfsemi hans. Áhersla er lögð á að starfsfólk viðhaldi þekkingu sinni og að starfsumhverfi hvetji til viðleitni þess til að læra hvert af öðru. Alþjóðlegir straumar og stefnur eru mikilvæg í starfi bankans og á hann samstarf við fjölda stofnana á sínu svíði á alþjóðlegum vettvangi. Fræðsla starfsfólks fer meðal annars fram í gegnum samskipti við alþjóðlegt fræðasamfélag og stofnanir eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Alþjóðagreiðslubankann, evrópsku eftirlitsstofnanirnar og norrænu seðlabankana. Þetta endurspeglast í kolefnisspori bankans frá flugferðum. Bankinn mun minnka þetta kolefnisspor með því að forgangsraða ferðum og með samstarfi við samstarfsaðila um fjölgun fjarfunda þar sem því verður við komið.

Losun gróðurhúsalofttegunda vegna rekstrar bankans skiptist í beina losun (umfang 1), óbeina losun vegna orkunotkunar (umfang 2) og aðra óbeina losun (umfang 3). Mynd 1 sýnir losun bankans árin 2019 til 2021 í hverju umfangi fyrir sig og tafla 1 inniheldur frekari sundurliðun á losunarþáttum. Árið 2019 er viðmiðunarár fyrir markmiðið þar sem grunnspor bankans er metið. Þess ber að geta að árið 2019 var Fjármálaeftirlitið ekki

orðið hluti af Seðlabanka Íslands og er unnið að því að uppfæra kolefnisspor bankans fyrir árið 2019 með hliðsjón af sameiningu stofnananna. Nánar má sjá um mælingar á losun gróðurhúsalofttegunda í kafla um grænt bókhald.

Mynd I-1

Losun gróðurhúsalofttegunda vegna rekstrar Seðlabanka Íslands



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Til að fylgja eftir umhverfis- og loftslagsstefnunni var gefin út aðgerðaáætlun í nóvember 2021 sem skilgreinir aðgerðir sem munu stuðla að því að markmiðum verði náð. Dæmi um aðgerðir er að rafmagnsvæða bílaflota bankans, nota vistvænar leigubifreiðar, draga úr flugferðum og auka endurvinnslu. Umhverfisnefnd bankans er ábyrgðaraðili umhverfis- og loftslagsstefnunnar í samráði við seðlabankastjóra. Markmið stefnunnar eru metnaðarfull og mikilvægt að þeim verði náð. Umhverfis- og loftslagsstefnan og aðgerðaáætlunin verða rýndar árlega.

Endurbætur á húsnæði Seðlabankans standa yfir. Þær miða að því að allir starfsmenn bankans starfi undir einu þaki og að vinnurýmið auki vellíðan starfsmanna, m.a. með auknu birtustigi, loft- og hljóðgæðum. Þessar endurbætur gera sameinaðri stofnun kleift að starfa í húsnæði sem hýsti aðeins Seðlabankann síðstu árin.

Í umhverfis- og loftslagsstefnu bankans er lögð áhersla á vistvæna innkaupastefnu og fræðslu starfsfólks um málauflokkinn. Á liðnu ári voru haldnir reglulegir fræðslufundir fyrir starfsfólk um ýmis mál sem snúa að umhverfis- og loftslagsmálum. Þá var mótuð verklagsregla um innkaup til að tryggja gagnsæi og að innkaup styðji við markmið bankans í umhverfis- og loftslagsmálum. Umhverfis- og loftslagsstefnan er meðal annars studd af innleiðingu Grænna skrefa og grænu bókhaldi.

Innleiðing Grænna skrefa

Græn skref í ríkisrekstri er verkefni á vegum Umhverfisstofnunar sem hefur það að markmiði að draga úr umhverfisáhrifum stofnana ríkisins á markvissan hátt. Vel hefur gengið að innleiða Grænu skrefin í starfsemi Seðlabankans þótt vissulega hafi heimsfaraldur sett strik í reikninginn ásamt sameiningu stofnana og framkvæmdum sem henni tengjast.

Á árinu 2021 var ráðist í mörg verkefni vegna innleiðingar Grænna skrefa. Meðal annars var óskað eftir umhverfisvænni valkostum frá öllum stærstu birgjum bankans. Hleðslurafhlöður eru nú notaðar í stað einnota rafhlaðna á starfsstöðvum. Þá er matarsóun könnuð reglulega í mótneyti, dregið hefur verið úr notkun umbúða og lífræn flokkun úrgangs er nú valkostur á öllum hæðum bankans. Verklag um umhverfisvænna viðburðahald hefur verið gefið út og gerður var samningur við leigubílabjónustu um að vistvænar bifreiðar verði alltaf sendar þar sem því verður við komið. Auk þess fær starfsfólk sem sinnir akstri í starfi sínu fræðslu um vistakstur.

Grænt bókhald

Seðlabanki Íslands færir grænt bókhald, sem er þáttur í Grænum skrefum, og heldur utan um innkaup sín og úrgang með tilliti til markmiða í umhverfis- og loftslagsmálum. Kolefnisspor bankans er reiknað út frá niðurstöðum græns bókhalds og ferðavenjukönnun sem gerð er árlega meðal starfsfólks bankans. Innleiðing kerfis fyrir kolefnisspor bankans sem einnig nýtist fyrir grænt bókhald er yfirstandandi.

Notast er við *greenhouse gas protocol*¹ við útreikninga á kolefnisspori bankans. Undir umfangi 1 eru

eldsneytiskaup bankans, bæði vegna aksturs á bifreiðum bankans og vegna annarrar notkunar á jarðefnaeldsneyti. Undir umfang 2 fellur rafmagns- og heitavatnsnotkun bankans og undir umfang 3 falla ferðir starfsfólks á vinnutíma með flugi og leigubílum, ferðir starfsfólks til og frá vinnu og losun vegna förgunar úrgangs.

Tafla 1 sýnir að stærstu losunarþættir Seðlabankans eru flugferðir og úrgangur. Eins og áður var nefnt byggja seðlabankar starfsemi sína að verulegu á leyti á samtali og þekkingaröflun innanlands og á alþjóðavettvangi til að tryggja sem best að starf þeirra endurspegli bestu viðmið og nýjustu þekkingu. Fjármálastöðugleika- og eftirlitsstarfsemin byggist jafnframt að miklu leyti á evrópskum reglugerðum og stöðlum sem evrópsku eftirlits- og fjármálastöðugleikastofnanirnar gefa út og innleiddar eru hér á landi auk þess sem mikilvægt er fyrir seðlabanka að hafa góð alþjóðleg viðskiptatengsl og tengsl við alþjóðastofnanir.

Verulega dró úr flugferðum starfsmanna bankans á árunum 2020 og 2021 vegna COVID-19-heimsfaraldursins. Búast má við því að þeim fylgi á ný og að losun gróðurhúsalofttegunda vegna flugferða aukist aftur þegar dregur úr áhrifum heimsfaraldurs á ferðalög. Umhverfis- og loftslagsstefna Seðlabankans gerir ráð fyrir að kolefnisspor vegna flugferða dragist saman um 40% frá árinu 2019 fram til ársins 2030. Aukin fjarfundavæðing sem að miklu leyti er komin til vegna COVID-19-faraldursins mun styðja við þessi markmið, enda hafa fjarfundir sýnt gildi sitt. Losun vegna úrgangs jókst töluvert milli áranna 2019 og 2020 sem stafaði að miklu leyti af því að framkvæmdir í húsnæði bankans hófust árið 2020, en um er að ræða tímabundið ástand.

Tafla 1 Losun GHL vegna losunarþáttta frá viðmiðunarári 2019 til og með 2021

Losun er í einingunni tCO ₂ í	2019	2020	2021
Bein losun (umfang 1)			
Akstur bifreiða bankans	9,1	9,4	10,2
Önnur eldsneytisnotkun	0	0	9
Óbein losun (umfang 2)			
Hiti og rafmagn	52,6	55,8	43,4
Óbein losun (umfang 3)			
Flugferðir	105,3	11,7	5,5
Leigubílfreiðar	1,6	0,4	0,03
Samgöngur starfsfólks	0,5	0,1	0,2
Úrgangur	11,2	27	14,2

1. Greenhouse gas protocol er alþjóðlega viðurkenndur bókhaldsstaðall (e. accounting standard) fyrir losun gróðurhúsalofttegunda: <https://ghgprotocol.org/>

Fundarröð um loftslagsmál

Í tengslum við markmið sín í umhverfis- og loftslagsmálum leggur Seðlabankinn áherslu á fræðslu fyrir starfsfólk um loftslagsmál. Árið 2021 skipulagði bankinn fundaröð fyrir starfsfólk þar sem sérfræðingar bankans héldu erindi um ýmis málefni sem tengjast loftslagsmálum og ábyrgðarsviðum bankans. Markmiðin með fundaröðinni voru þríþætt: að vekja athygli á hlutverki seðlabanka í tengslum við loftslagsmál, efla þekkingu starfsfólks Seðlabankans á áhrifum loftslagsbreytinga á fjármálakerfi og efnahagslíf og dýpka þekkingu þeirra starfsmanna sem héldu kynningar. Eitt erindi var haldið í hverjum mánuði og fjölluðu þau meðal annars um loftslagsmarkmið í innra starfi bankans, svo sem umhverfis- og loftslagsstefnu, aðgerðaáætlun fyrir kolefnisbókhald og Græn skref í ríkisrekstri. Einnig var fjallað um hvort og hvernig umhverfis- og loftslagsmál tengjast hlutverkum bankans á sviði fjármálaeftirlits, fjármálastöðugleika og peningastefnu. Fundaröðinni verður haldið áfram 2022 og þá hafa m.a. utanaðkomandi sérfræðingar verið fengnir til að halda erindi í þeim tilgangi að efla enn frekar þekkingu sérfræðinga bankans.

NGFS samstarf

Á árinu 2021 hófst virk þátttaka Seðlabankans innan NGFS-samtakanna (Network of Central Banks and Supervisors for Greening the Financial System) en bankinn gerðist aðili að þeim í árslok 2020. Seðlabankinn átti á árinu 2021 fulltrúa í þremur af fimm vinnuhópum NGFS (sjá nánar í rammagrein 1 um NGFS-samtökum). Bankinn tók einnig þátt í ársfundi NGFS og sérfræðingar bankans komu að útgáfu á skýrslu samtakanna um loftslagssviðsmyndagreininingar seðlabanka og fjármálaeftirlita. Innan Seðlabankans hefur verið stofnaður samráðshópur allra sviða í tengslum við þátttöku í NGFS til að fylgja eftir og taka fyrir efni sem tengist samtökunum ásamt því að ræða loftslagmál á borði seðlabanka í viðara samhengi. Samráðshópurinn er hugsaður sem hreyfiafl á sviði loftslagsáhættu.

Í nóvember 2021 gaf Seðlabankinn út yfirlýsingu í loftslagsmálum í tengslum við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Glasgow undir regnhlíf NGFS-samtakanna og voru þar settar fram skuldbindingar bankans í loftslagsmálum, meðal annars að bankinn muni minnka kolefnisspor sitt um 40% fyrir 2030, að hann muni setja fram leiðbeiningar fyrir eftirlitsskylda

Rammagrein 1

NGFS

Network of Central Banks and Supervisors for Greening the Financial System (NGFS) eru samtök seðlabanka og fjármálaeftirlita viðs vegar um heiminn sem hafa lýst vilja sínum til að starfa saman að því að stuðla að og þroa bestu framkvæmd áhættustýringar í fjármálageiranum í tengslum við loftslagsbreytingar og stuðla að sjálfbærri og umhverfisvænni fjárfestingu. Samtökin eru atkvæðamikil þegar kemur að útgáfu og umræðu um málaflokkinn og má finna allar skýrslur þeirra á heimasíðu samtakanna.

NGFS-samtökin voru stofnuð af átta seðlabönkum og fjármálaeftirlitum í París árið 2017 á tveggja ára afmæli Parísarráðstefnunnar (COP21). Seðlabönkum og fjármálaeftirlitum sem aðild eiga að NGFS hefur fjlógað hratt og í árslok 2021 voru meðlimir orðnir hundrað auk sextán áheyrnarfulltrúa. Aðildarstofnanirnar taka beinan þátt í starfi samtakanna í gegnum vinnuhópa og með þátttöku á fundum samtakanna og geta þannig hvort tveggja fylgst með þeirri umræðu sem fram fer á vettvangi samtakanna og haft áhrif á umræður og stefnumótun með þátttöku sinni. Á árinu

2021 voru fimm verkstraumar starfandi innan samtakanna, og fjölluðu þeir um fjármálaeftirlit, loftslagssviðsmyndir, græn fjármál, gagnamál og rannsóknir í tengslum við loftslagsmál.

Samtökin gáfu út sérstaka yfirlýsingu í tengslum við COP26-loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Glasgow í nóvember 2021 þar sem fram kom að þau myndu efla enn frekar viðleitni sína til að styðja við markmið Parísarsamningsins með því að auka viðnámsþrótt fjármálageirans gagnvart loftslags- og umhverfistengdri áhættu og stuðla að grænni fjármálageira og auknu flæði fjármagns í átt að sjálfbærri efnahagslifi. Meðal leiða að þessu markmiði er að efla söfnun, greiningu og miðlun gagna um loftslagsáhættu, bæta loftslagssviðsmyndir, auka skilning á samsíðu peningastefnu og loftslagsáhættu og stuðla að alþjóðlegri samræmingu og aukinni getu meðlima NGFS til að takast á við loftslagsáhættu og nýta sér þá ráðgjöf sem samtökin veita. Það hefur reynst mikill styrkur fyrir seðlabanka og fjármálaeftirlit að starfa með NGFS enda næst þar að virkja sérfræðinga þvert á landamæri sem er sérstaklega gagnlegt fyrir smærri ríki.

aðila um hvernig þeir geta skilgreint, metið og vaktað þá loftslagshættu sem til staðar kann að vera á efnahagsreikningi þeirra og að bankinn stefni að því að taka mið af loftslagshættu í álagsprófunum á fjármálakerfinu og aðilum á fjármálamarkaði. Yfirlýsinguna má sjá í heild í viðauka II.

Félagslegir þættir

Starfsfólk Seðlabankans

Seðlabankinn leggur áherslu á að hafa í sínum röðum traust og metnaðarfullt starfsfólk með fjölbreytta þekkingu og reynslu sem vinnur saman að því að ná árangri og vinnur samkvæmt metnaðarfullri mannaðsstefnu. Megináherslur stefnunnar eru: sterk liðsheild, ábyrgð stjórnenda, virðing og vellíðan, jafnrétti, þekking, fagmennska og framsækni. Bankinn hefur tekið ýmis skref sem hafa þessar megináherslur að leiðarljósi og má þar nefna stjórnendabjálfun, endurbætur á húsnæði bankans, innleiðingu markvissrar fræðslu með nýju fræðslukerfi, loftslagsfundaröð o.fl.

Jafnframt leggur bankinn áherslu á andlega og líkamlega vellíðan starfsfólks en bankinn er með virka stefnu gegn áreitni og einelti á vinnustað og framkvæmir reglulega kannanir á líðan starfsfólks. Bankinn býður auk þess starfsfólkum samgöngusamninga um ferðir til og frá vinnu sem og árlegar heilsumælingar og líkamsræktaraðstöðu í húsnæði sínu.

Heimsfaraldur setti svip sinn á starfsárið 2021 með margvislegum hætti. Verulega var dregið úr viðveru starfsmanna á starfsstöð í upphafi faraldursins og síðar veittur sveigjanleiki til að vinna að heiman eftir aðstæðum. Starfsfólk var veittur stuðningur við að koma sér upp aðstöðu heima við og boðið var upp á rafraeña fræðslu um líkamsbeitingu og aðferðir til að léttalíkamlegt álag við starfsstöðvar.

Að árinu var ákveðið að starfsfólk skyldi framvegis veitt svigrúm til að vinna hluta af starfi sínu í fjarvinnu. Með því vill bankinn tryggja að starfsumhverfi á vegum bankans einkennist af sveigjanleika og stuðli að heilbrigðu jafnvægi á milli vinnu og einkalífs. Bankinn leggur áherslu á samheldni og heilbrigði starfsmanna sinna og var til að mynda heilsumánuður í október þar sem skorað var á starfsfólk að hreyfa sig í 30 mínútur á dag í 30 daga ásamt því að bjóða heilsufarsmælingar og heilsutengda fræðslu. Þá tók bankinn þátt í vinnustaðakeppni Lífsblaupsins, heilsu- og hvatningarverkefnis Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og voru 82% starfsfólk skráð til leiks.

Samgöngustefna Seðlabankans stuðlar að því að starfsfólk noti almenningssamgöngur eða annan

vistvænan og heilsusamlegan ferðamáta. Seðlabankinn hefur sett sér það langtímarkmið til ársins 2030 að auka hlutfall starfsmanna á samgöngusamningi og draga úr heildarlosun vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu um 40%. Þetta eru metnaðarfull markmið en bankinn mun kappkosta að uppfylla þau á næstu árum. Starfsmenn bankans eiga þess einnig kost að nota vistvænan samgöngumáta ef þörf krefur á vinnutíma líkt og rafmagnsbíl og hjól. Seðlabankinn hefur einnig gert samning við Strætó bs. um sérkjör starfsmanna í þessu skyni. Möguleiki á fjarvinnu starfsmanna stuðlar einnig að því að minnka losun vegna ferða starfsmanna til og frá bankanum.

Í lok árs 2021 voru í gildi samgöngusamningar á milli 29% starfsmanna og bankans, þar sem starfsmenn skuldbundu sig til þess að nýta vistvænan ferðamáta til og frá vinnustað.



Eins og áður sagði reiðir Seðlabankinn sig á hugvit og þekkingu starfsfólks. Stefna bankans er að starfsfólk hans búi yfir fjölbreyttri og breiðri þekkingu og reynslu og að starfsumhverfið ýti undir frumkvæði og metnað þess til að þróast og vaxa í starfi og axla ábyrgð. Lögð er áhersla á að starfsfólk viðhaldi þekkingu sinni, nýti hana vel í störfum sínum og styðji með því áherslur bankans. Öflugt og fjölbreytt fræðslustarf fer fram innan bankans með markvissri þarfagreiningu, skilvirkri fræðsluáætlun og reglulegu mati á árangri fræðslustarfs innan bankans. Starfsumhverfi skal hvetja til miðlunar þekkingar á milli starfsfólks og efla viðleitni þess til að læra hvert af öðru.

Eloomi er fræðslukerfi sem tekið var í notkun á árinu 2021 og er tilgangur þess að bjóða starfsfólkum fjölbreytt námskeið, að bæta við sig þekkingu og skerpa á starfsþróunarleiðum innan bankans. Jafnframt heldur kerfið utan um fræðslu og fræðsluviðburði og einfaldar

aðgengi starfsfólks að þeirri fræðslu sem í boði er. Fræðslan getur verið í formi aðkeypta námskeiða eða þróuð innan veggja bankans af starfsfólk hans. Meðal námskeiða er nýliðafræðsla sem stendur öllu nýju starfsfólk til boða þar sem bankinn er kynntur sem vinnustaður ásamt því sem nýliðar fá aðrar gagnlegar upplýsingar.

Viðamikil stjórnendabjálfun hófst í byrjun árs 2021 og náði til yfirstjórnar, framkvæmdastjórnar og forstöðumanna bankans. Meginmarkmið stjórnenda-bjálfunarinnar var að styrkja færni stjórnenda bankans og gera þá hæfari til stefnumótunar fyrir bankann í heild, en í því felst m.a. að innleiða gildi og framtíðarsýn hans, byggja upp öfluga liðsheild og samræma starf og efla samvinnu þvert á bankann þar sem aðaláherslurnar eru leiðtoga hlutverkið, teymisvinna og breytingastjórnun.

Jafnrétti í Seðlabankanum


Seðlabankinn leitast við að stuðla að jafnrétti, jafnri meðferð og virðingu starfsfólks og framfylgir mannauðsstefnu í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, og laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018. Jafnréttisstefna bankans var endurskoðuð í mars 2021. Í henni er meðal annars tekið fram að bankinn skuli auðvelda starfsfólk að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu, að starfsfólk skuli ekki mismunað við framgang og ráðningu í störf og að hvers kyns áreitni verði ekki liðin innan bankans.

Í lok árs 2021 voru starfsmenn Seðlabankans 294, 151 karlar og 143 konur.

Tafla 2. Fjöldi starfsmanna eftir sviðum í árslok 2021

Svið	fjöldi	kk	kvk
Bankar	22	13	9
Bankastjórar	4	2	2
Fjárhagur	12	3	9
Fjármálastöðugleiki	28	20	8
Hagfræði og peningastefna	24	13	11
Innri endurskoðun	3	1	2
Lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir	25	10	15
Lifeyrir og vátryggingar	13	6	7
Mannauður	7	1	6
Markaðir og viðskiptahættir	16	10	6
Markaðsviðskipti	32	17	15
Rekstur	35	12	23
Skrifstofa bankastjóra	27	11	16
Upplýsingatækni og gagnasöfnun	46	32	14
Samtals	294	151	143

Í Seðlabankanum starfar jafnréttisnefnd sem er skipuð til þriggja ára í senn. Nefndin fundar reglulega og hlutverk hennar er m.a. að hafa yfirsýn yfir lög og reglur um jafnrétti og jafna meðferð starfsfólks og



að farið sé eftir þeim. Nefndin vinnur að endurnýjun jafnréttisáætlunar bankans, fylgist með framkvæmd hennar og kannar réttmæti ábendinga um jafnrétti og jafna meðferð starfsfólks.

Seðlabankinn hlaut jafnlaunavottun í ársbyrjun 2019 og var hún endurnýjuð til þriggja ára haustið 2021. Jafnlaunagreining leiddi í ljós að enginn óútskýrður launamunur var á milli kynjanna. Rík áhersla er lögð á að viðhalsa fjölbreytileika í framkvæmdastjórn bankans og hlaut Seðlabankinn viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar í október 2021. Jafnvægisvogin er hreyfiaflsverkefni á vegum Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA) sem miðar að því að jafna hlutföll kynjanna í framkvæmdastjórnunum fyrirtækja.

Stjórnarhættir

Gildi og siðareglur

Gildi og skýr framtíðarsýn er grundvöllur þess að byggja upp sterka menningu og liðsheild þvert á svið bankans. Bankinn hefur nýverið markað sér framtíðarsýn og sett sér megingildi sem eiga að vera höfð að leiðarljósi í öllu starfi bankans. Þau eru *heilindi*, *áræðni*, *auðmýkt* og *fagmennska*. Gildin leggja grunn að starfsháttum Seðlabankans, auka traust til bankans og stuðla að því að hann nái markmiðum sínum.

Seðlabankinn leggur metnað í að starfsemi hans sé í samræmi við siðferðileg viðmið og hefur bankinn sett sér siðareglur sem byggjast á grunngildum bankans og fjalla nánar um þau siðferðislegu gildi sem starfsmenn bankans skulu tileinka sér og hafa að leiðarljósi í störfum sínum. Reglurnar taka mið af lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og almennum siðareglum starfsmanna ríkisins og fjalla um atriði á borð við hagsmunatengsl og hagsmunaárekstra, samskipti á vinnustað og vinnubrögð starfsmanna.

Ábyrgðarsvið varðandi loftslagsmál

Stjórnarhættir Seðlabankans verða mótaðir frekar með tilliti til loftslagsmála og annarra sjálfbærniþáttu. Umhverfisnefnd sem heyrir undir seðlabankastjóra mótar loftslagsstefnu og aðgerðaáætlun og ber ábyrgð á innleiðingu Grænna skrefa. Seðlabankastjóri hefur falið varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika að stýra vinnu við loftslagsmál. Hann fer m.a. fyrir samráðshópi allra sviða bankans sem nefndur var í kafla um NGFS-samstarf. Hópurinn deilir upplýsingum um loftslagsmál á vettvangi seðlabanka og fjármálaeftirlita og ræðir málefni, m.a. efni á sviði NGFS-samtakanna. Varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika fer einnig fyrir upplýsingagjöf og uppbyggingu þekkingar innan og utan bankans í tengslum við loftslagsmál. Stefnt er að því að loftslagsbreytingar og áhætta þeim tengd, hvort tveggja raun- og umbreytingaáhætta, verði rædd á fundum stefnunefnda bankans, peningastefnunefndar, fjármálastöðugleikanefndar og fjármálaeftirlitsnefndar eins og tilefni verður til. Loftslagsáhætta og stefnumótun bankans á því sviði verður einnig rædd reglulega í yfirstjórn bankans.

Sjálfbærniþártíð

Seðlabankinn gefur nú í fyrsta sinn út sjálfbærniþártíð. Með skýrslunni leitast bankinn við að auka gagnsæi um eigin aðgerðir í loftslags- og sjálfbærnimálum og hvernig hann leggur sitt af mörkum við að styðja við markmið íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum fram til 2040. Seðlabankanum er einnig í mun að upplýsa hagaðila, ekki síst íslenskan almenning, um hlutverk sitt í loftslagsmálum og hvernig hann hyggst framfylgja markmiðum sínum á þeim vettvangi. Skýrslan er einnig hvatning til starfsmanna bankans þar sem hún gerir þeim kleift að fylgjast betur með árangri hans á þessu sviði sem er mikilvægur liður í því að loftslagsmarkmiðum í rekstri hans verði náð. Áætlað er að birta árlega skýrslu með sjálfbærniupplýsingum bankans ásamt því að upplýsa um hvernig bankinn innleiðir loftslagsmál og sjálfbærni í kjarnastarfsemi sína. Í framtíðinni hyggst bankinn byggja skýrslurnar m.a. á leiðbeiningum Task Force on Climate-related Financial Disclosures (TCFD) sem nánar er fjallað um í rammagrein og ýmsir seðlabankar hafa þegar tekið upp.

Rammagrein 2

TCFD

Alþjóðlega fjármálastöðugleikaráðið (Financial Stability Board, FSB) hafði forgöngu um að stofna *Task Force on Climate-related Financial Disclosure* (TCFD) í desember 2015 með það að markmiði að greina hvaða upplýsingar væru nauðsynlegar fyrir fjárfesta, lánveitendur og tryggingafyrirtæki til að hjálpa þeim að meta og verðleggja loftslagstengda áhætta og tækifæri. Árið 2017 gaf TCFD út leiðbeiningar um hvernig fyrirtæki skuli greina frá loftslagstengri fjárhagsáhætta (e. climate-related financial disclosure recommendations). Tilgangur þeirra er að auka gagnsæi í upplýsingagjöf um hvernig fyrirtæki taka á loftslagstengri áhætta ásamt því að vera tól til að meta og taka sílka áhætta inn í fjárhagslega ákváranatökum.

Leiðbeiningarnar skiptast í fjóra flokka sem eru: stjórnarhættir, stefna og áhættustjórnun ásamt mælikvörðum og markmiðum (e. governance, strategy, risk management, metrics & targets). Fyrirtæki og stofnanir styðjast við leiðbeiningarnar við að meta framlag sitt til loftslagsbreytinga en einnig hvaða áhrif loftslagsbreytingar munu hafa á

rekstur þeirra til skemmi og lengri tíma, bæði hvað varðar áhætta og tækifæri. Markmiðið er að þessar leiðbeiningar verði alþjóðlega viðurkennt og útbreitt tæki fyrir fyrirtæki og fjárfesta til að sjá fyrir áhrif loftslagsbreytinga sem mun stuðla að því að fjármagn beinist að fjárfestingu sem einkennist af sjálfbærni og viðnámsþrótti og styðst við nýjar lausnir, tækifæri og viðskiptalíkön.

Leiðbeiningar TCFD hafa víða verið notaðar og eru orðnar hluti af árlegri skýrslugjöf. Leiðbeiningar og lög um sjálfbæra upplýsingagjöf munu í sífellt auknum mæli taka mið af leiðbeiningum TCFD.

NGFS-samtökum hafa birt leiðbeiningar um upplýsingagjöf seðlabanka vegna loftslagsáhætta þar sem tekið er mið af leiðbeiningum TCFD og stuðst við svíðsmyndir fyrir mismunandi hitastigshækkanir vegna loftslagsbreytinga. Seðlabankinn mun hefja svíðsmyndagreiningu til að leggja mat á loftslagsáhætta með svíðsmyndum NGFS á árinu 2022 og birta loftslagsupplýsingar samkvæmt leiðbeiningum NGFS í framhaldinu.

Skuldbindingar bankans í loftslagsmálum og leiðin fram á við

II

Markmið sviða

Á árinu 2021 settu svið bankans sér markmið í tengslum við loftslagsmál og sjálfbærni sem voru kynnt fyrir seðlabankastjóra í upphafi árs 2022. Markmiðin verða yfirfarin árlega og eru hvort tveggja rekstrarleg og fagleg. Rekstrarleg markmið snúa m.a. að því að styðja við fjarvinnu, draga úr ferðalögum og auka hlutfall starfsmanna á samgöngusamningi, nýta rafrænar lausnir og skyjalausnir og leggja áherslu á umhverfisvænan búnað, m.a. í samstarfi við sölu- og hýsingaraðila. Enn fremur verður innleitt kerfi fyrir kolefnisspor bankans sem einnig nýtist fyrir grænt bókhald, reiðhjólaaðstaða bætt og sótt um Svansvottun fyrir mótneyti bankans. Fagleg markmið lúta einkum að þekkingaröflun og innleiðingu loftslags- og umhverfismála í faglega vinnu bankans sem felst meðal annars í þátttöku í vinnuhópum og ýmsu samstarfi við aðra seðlabanka og fjármálaeftirlit.

Yfirlýsing Seðlabankans í loftslagsmálum

Seðlabankinn gaf út yfirlýsingu í loftslagsmálum í tengslum við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Glasgow (COP26) þar sem settar voru fram skuldbindingar bankans í loftslagsmálum undir regnhlíf NGFS-samtakanna. Skuldbindingar bankans, sem þar komu fram, eru einkum af þrennum toga og verður fjallað nánar um hvern lið hér að neðan:

1. Að draga úr kolefnisspori vegna rekstrarbankans í takt við markmið íslenskra stjórnválda í loftslagsmálum.
2. Að kortleggja þá loftslagsáhættu sem bankinn, fjármálakerfið og íslenskt efnahagslíf standa frammi fyrir.

3. Að styðja við skipulega umbreytingu vegna loftslagsbreytinga með virkum skoðanaskiptum við hagaðila og með því að styðja við uppbyggingu hæfni og þekkingar á þessu sviði, bæði innan bankans og meðal annarra hagaðila.

I) Kolefnisspor í rekstri bankans

Fjallað hefur verið um aðgerðir bankans í eigin rekstri hér að framan. Umhverfis- og loftslagsstefna ásamt aðgerðaáætlun voru birtar á árinu 2021 og ná fram til ársins 2030. Bankinn vinnur nú að því að kortleggja allt kolefnisspor sitt og yfirfara gögn um sameinaða stofnun fyrir árið 2019 til að tryggja gagnera greiningu á kolefnisspori bankans og sem réttastan samanburð milli ára.

II) Kortlagning á loftslagsáhættu

Mat á loftslagsáhættu sem Seðlabankinn, fjármálakerfið og íslenskt samfélag standa frammi fyrir hefst á samtali við helstu þekkingaraðila á þessu sviði. Bankinn átti á árinu 2021 viðræður við ýmsa aðila, svo sem ráðuneyti, háskólastofnanir, opinberar stofnanir og aðra þekkingar- og hagaðila um viðfangsefnið.

Fjármálastöðugleika er ógnað af loftslagsbreytingum. Uppskerubrestur, aflabrestur og tjón á mannvirkjum og mannlífum vegna loftslagsbreytinga geta haft gríðarlegar afleiðingar fyrir allt efnahagslífið. Auk þess getur fjármálastöðugleika stafað hætta af breytingum í atvinnulífi og samfélagi þegar stigin eru skref í átt að lágkolefnissamfélagi. Þetta geta m.a. verið breytingar á löggjöf, kolefnisskattar og breytingar á

hegðun almennings. Sviðsmyndagreiningar eru notaðar til að meta betur möguleg áhrif loftslagsbreytinga á fjármálastöðugleika en stefnt er að því að fyrsta sviðsmyndagreining Seðlabankans vegna loftslagsáhættu birtist fyrir lok árs 2022. Sjá nánar rammagrein um loftslagsáhættu.

Sviðsmyndagreining Seðlabankans verður byggð á sviðsmyndum sem NGFS hefur gefið út en auk þess hóf bankinn samstarf við íslenskar stofnanir með þekkingu á loftlagsmálum, s.s. Veðurstofu Íslands, Stofnun Sæmundar fróða, Hagfræðistofnun og Náttúruhamfaratryggingu Íslands í því skyni að aðlaga sviðsmyndir fyrir raunáhættu að íslenskum veruleika. Í sviðsmyndagreiningunni er sótt í reynslu annarra þjóða og alþjóðastofnana sem hafa gefið út slíkar greiningar á undanförnum misserum. Sviðsmyndagreining er mikilvægur liður í að greina og meta þá áhættu sem fjármálastöðugleika stafar af loftslagsbreytingum en getur einnig stuðlað að skipulegri

aðlögun eða umbreytingu með því að varpa ljósi á og auka meðvitund um umfang vandans.

Loftslagsáhætta tengist einnig beitingu þjóðhagsvarúðartækja. Þannig er á vettvangi evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (European Banking Authority, EBA) unnið að greiningu á því hvort og hvernig taka eigi loftslagsáhættu inn í ákvarðanir um beitingu þjóðhagsvarúðartækja.

Við endurskoðun á reglugerðum um evrópsku eftirlitsstofnanirnar á árunum 2017-2018 fengu þær aukið hlutverk í tengslum við loftslagsmál og sjálfbærni. Loftslagsáhætta mun því koma af auknum þunga inn í eftirlit með fjármálastarfsemi á næstu árum samhliða breytingum á Evrópulöggjöf. Frumvarp til laga um upplýsingagið um sjálfbærni á sviði fjármálapjónustu (SFDR) og flokkunarkerfi fyrir sjálfbæra fjárfestingu (Taxonomy) mun, með fyrirvara um samþykki Alþingis í haust, taka gildi 1. janúar 2023. SFDR (*Sustainable*

Rammagrein 3

Loftslagsáhætta

Seðlabankar stuðla að verð- og fjármálastöðugleika og styðja þannig við sjálfbærar hagvöxt og almenna velferð. Það er hluti af starfsemi seðlabanka að taka tillit til og bregðast við áhættu í hagkerfinu sem ógnað gæti þessum markmiðum og þar er loftslagsáhætta ekki undanskilin. Loftslagsbreytingar eru aðeins ein tegund kerfisbreytinga sem geta haft áhrif á fjármálageirann. Yfirleitt er loftslagsáhættu skipt í raunáhættu og umbreytingaráhættu og að einhverju marki er samspli þessara áhættuþáttu þannig að raunáhrifin minnka eftir því sem umbreytingaráhrifin eru meiri. Mikilvægt er að gagnsæi einkenni stefnumótun til að umbreytingin til kolefnishlutleysis verði með skipulegum hætti og þannig dregið úr áhættunni.

Loftslagsáhætta byggist upp á löngum tíma og um nokkrar hríð hefur staðan verið sú að mestur skaði hefur verið fyrirsjáanlegur utan við hefðbundinn sjóndeildarhring seðlabanka. Sjóndeildarhringur peningastefnu er gjarnan tvö til þrjú ár en allt að tíu ár fyrir fjármálastöðugleika. Aflеiðingar loftslagsbreytinga eru þó farnar að birtast með áþreifanlegum hætti innan þessara tímaramma. Verði hraðinn í viðbrögðum við loftslagsbreytingum sá sem þarf til að ná settum markmiðum munu umtalsverðar kerfislegar breytingar verða sem óhjkvæmilega munu hafa töluverða áhættu í för með sér. Taka þarf tillit til þessarar áhættu og bregðast við með viðeigandi hætti og þar hafa seðlabankar hlutverki að gegna.

Raunáhætta

Raunáhætta (e. physical risk) á við um áhættu vegna aukinnar tíðni og umfangs breytinga á veðurfari (t.d. hitabylgjur, aurskriður, flóð, skógareldar, stormar) og langtímaáhrifa breytinga loftslags á vistkerfi jarðar (t.d. breytt rigningarmynstur, hækkan meðalhita, hækkan sjávarmáls og súrnun sjávar).

Umbreytingaráhætta

Umbreytingaráhætta (e. transition risk) á við um áhættu sem stafar frá umbreytingum yfir í lágkolefnahagkerfi. Losun gróðurhúsalofttegunda þarf á endanum að ná hlutleysi til að koma í veg fyrir frekar loftslagsbreytingar. Það ferli, til að mynda orkuskipti, er líklegt til að hafa töluverð áhrif á efnahagslífið og þar með á virði fjármálaeigna. Aðgerðir eru mikilvægar, en snögg og óskipuleg umskipti geta haft neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika og efnahagslífið almennt.

Finance Disclosures Regulation) er reglugerð sem kveður á um upplýsingagjöf þátttakenda á fjármálamaðra um hvernig starfsemi þeirra tekur tillit til umhverfis-, félagslegra þátta og stjórnarháttu (UFS/ESG). Taxonomy Regulation er flokkunarkerfi með viðmiðum til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi uppfylli skilyrði til að teljast umhverfislega sjálfbær.

Seðlabankinn mun leggja sig fram við að eiga virkt samtal við eftirlitsskylda aðila og leiðbeina þeim um hvernig á að greina, meta og vakta þá loftslagsáhættu sem finna má á efnahagsreikningi þeirra og hvernig taka skal tillit til loftslagsáhættu í eigin áhættumati (ICAAP fyrir banka, ORSA fyrir vátryggingafélög og ORA fyrir lífeyrissjóði). Samhliða verður loftslagsáhætta og UFS/ESG-þættir hluti af árlegu könnunar- og matsferli (SREP fyrir banka, SRP fyrir vátryggingafélög og PSRP fyrir lífeyrissjóði).

III) Umbreyting vegna loftslagsbreytinga

Seðlabankinn mun leitast við að eiga samstarf við aðrar þekkingarstofnanir og hagaðila, þ.m.t. almenning, um eðli og áhrif loftslagsbreytinga og afleiðingar þeirra fyrir íslenskt samfélag. Seðlabankinn mun miðla þekkingu á loftslagstengdum viðfangsefnum, sem hann öðlast á grundvelli reynslu sinnar, sérfræðikunnáttu og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi með fjármálfyrirtækjum og öðrum stjórnvöldum, til þess að auðvelda þeim að auka og styrkja vinnu sína á þessu sviði. Eins og fram hefur komið átti Seðlabankinn á árinu 2021 fundi með hagaðilum innanlands á sviði loftslagsmála og loftslagsáhættu. Bankinn hyggst skipuleggja reglulegar málstofur um

efnið með aðilum fjármálamaðra enda mikilvægt að tryggja að reglulegt samtal eigi sér stað um þær hröðu breytingar og nýju kröfur sem gerðar verða til fjármálfyrirtækja á næstu árum. Bankinn væntir einnig mikils af samstarfi við aðrar stofnanir og fyrirtæki á vettvangi Festu – miðstöðvar um sjálfbærni sem bankinn gerðist aðili að á árinu sem fyrr segir.

Eitt af fyrstu verkum bankans í uppbyggingu þekkingar á áhrifum loftslagsáhættu á fjármálageirann var að ganga í NGFS-samtökin sem nánar er fjallað um í rammagrein. Samtökin eru mikilvægur vettvangur fyrir Seðlabankann til að fylgjast með þróun mála á sínu fagsviði enda þróun í þessum málaflokkni hröð. Seðlabankinn mun nota fræðsluefni frá NGFS til að veita starfsfólki sínu nauðsynlega færni og þekkingu á loftslagstengdum áhættuþáttum í því skyni að innleiða viðeigandi tillögur NGFS á skilvirkana hátt.

Seðlabankinn átti frumkvæði að því að koma á reglubundnu samráði á milli seðlabanka á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndum um starf þeirra í tengslum við loftslagsmál og loftslagsáhættu á víðum grunni og funda stofnanirnar einnig reglulega um þau mál á ýmsum öðrum vettvangi. Í því skyni að auka þekkingu á loftslagsáhættu sem steðjar að íslensku efnahagslífi hafa starfsmenn bankans einnig ritað greinar og haldið erindi sem sjá sjá má yfirlit yfir í tarefni. Seðlabankinn hefur einnig nýtt þekkingu sína til að undirbúa útgáfu grænna ríkisbréfa með þátttöku sinni í að setja upp sjálfbærar fjármögnumarramma fyrir ríkissjóð. Ramminn varð virkur í september 2021. Með tilliti til efnahagsreiknings Seðlabankans verða settar lágmarkskröfur um hvernig tekið er tillit til loftslagsáhættu við varðveislu gjaldeyrisforðans.

Viðauki |

Umhverfis- og loftslagsstefna Seðlabanka Íslands

Tilgangur og markmið

Seðlabanki Íslands hefur sett sér stefnu í loftslagsmálum að fordæmi stjórnaráðsins fram til ársins 2030. Bankinn skal kappkosta að vera til fyrirmynadar í loftslagsmálum í starfsemi sinni. Bankinn einsetur sér að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% frá árinu 2019 til ársins 2030 miðað við gögn úr grænu bókhaldi og könnun á samgönguvenjum. Frá og með 2021 skal starfsemi bankans vera kolefnishluthaus og bankinn mun styðja innlend verkefni til kolefnisbindingar sem samsvarar losun hans fyrir árið 2020.

Stefnan nær til allrar starfsemi bankans, þ.m.t. hús-næðis sem bankinn á og notar og framkvæmda á vegum bankans. Tilgangur stefnunnar er að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri bankans og sýna þannig gott fordæmi ásamt því að taka virkan þátt í að Ísland geti staðið við loftlagsskuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi.

Megináherslur

Meðfram kolefnishlutleysi frá árinu 2021 mun Seðlabankinn draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% fram til ársins 2030 miðað við árið 2019 þar sem áhersla verður lögð á eftirfarandi þætti:

- Flugferðir starfsmanna
- Rekstur bifreiða bankans og notkun leigubíla
- Samgöngur starfsmanna til og frá vinnu
- Notkun annarrar jarðefnaolíu
- Notkun rafmagns- og hitaveitu
- Flokkun úrgangs
- Innkaup
- Virka fræðslu og upplýsingagjöf til starfsmanna um umhverfis- og loftslagsmál

Framtíðarsýn fyrir árið 2030

Seðlabankinn hefur dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% frá árinu 2019. Starfsmenn bankans eru með-vitaðir um mikilvægi loftslags- og umhverfismála og taka virkan þátt í framfylgd loftslagsstefnu bankans. Bankinn er virkur í alþjóðlegu samstarfi um málaflokkinn og miðlar upplýsingum til almennings og annarra hagaðila um stöðu loftslagsmála og áhættu sem tengist loftslagsreytingum og hvernig er hægt að bregðast við henni. Seðlabankinn hefur verið kolefnishluthaus í 10 ár og hefur jafnað kolefnislosun sína með vottuðum einingum frá 2021.

Eftirfylgni

Umhverfisnefnd ber ábyrgð á loftslagsstefnu bankans í samráði við seðlabankastjóra. Það er á ábyrgð allra starfsmanna Seðlabankans að framfylgja loftslagsstefnu svo að Seðlabankinn geti lagt sitt af mörkum við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Grænu bókhaldi skal skilað til Umhverfisstofnunar fyrir 1. apríl ár hvert. Stefnan mun verða rýnd af umhverfisnefnd einu sinni á ári og árangur aðgerða og markmiða metinn og gerðar tillögur til úrbóta með tilliti til þróunar í losun gróðurhúsalofttegunda milli ára.

Viðauki II

Yfirlýsing Seðlabanka Íslands í loftslagsmálum

Seðlabanki Íslands er meðlimur í samtökum um grænni fjármálageira (e. Network for Greening the Financial System, NGFS) og styður bankinn yfirlýsinguna samtakanna í tengslum við 26. loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (COP26).

Seðlabankinn styður markmið um sjálfbærni. Loftslagsbreytingar eru stærsta áskorun okkar tíma enda ógna þær hagseld, velferð og tilvist mannkyns. Loftslagsáhætta, þar með talin sú hætta er stafar af umbreytingu í kolefnishlutlaust hagkerfi, felur í sér áraun fyrir fjármálakerfið og hagkerfið í heild. Enginn ábyrgur þátttakandi í efnahagslifi þjóðarinnar getur setið hjá.

Þótt meginábyrgðin á því að innleiða stefnu og tryggja fjármagn til að draga úr loftslagsáhættu og stuðla að skipulegri umbreytingu liggi hjá öðrum stjórnvöldum eru viðfangsefni á verksviði seðlabanka sem krefjast þess að þeir leggi sitt af mörkum. Mikilvægt er að seðlabankar virði lögboðið valdsvið sitt og bregðist við af ábyrgð þegar þeir standa frammi fyrir ógn af þeirri stærðargráðu sem loftslagsvái er.

Innan verkahrings seðlabanka fellur að skilgreina, meta og vakta hugsanlega áhættuþætti og áhrif loftslagsbreytinga, bæði á hagkerfið í víðu samhengi og á þanþol fjármálakerfisins. Að sama skapi er mikilvægt að sérhver seðlabanki sýni gott fordæmi með því að færa eigin rekstur og starfsemi í átt að kolefnishlutleysi.

Seðlabanki Íslands skuldbindur sig til eftirfarandi aðgerða:

- Seðlabankinn stefnir að kolefnishlutleysi í eigin starfsemi með markvissum hætti frá og með árinu 2021. Einnig hefur hann sett sér markmið um að minnka kolefnisfótspor sitt um 40% fyrir árið 2030 og styður þar markmið stjórnvalda um að uppfylla alþjóðlegar loftslagsskuldbindingar Íslands. Aðgerðaáætlun um þetta markmið verður birt í næstu ársskýrslu bankans og árangur bankans við að uppfylla skuldbindingar sínar verður jafnframt birtur árlega.
- Seðlabankinn mun setja fram leiðbeiningar fyrir eftirlitsskylda aðila sem auðvelda þeim að skilgreina, meta og vakta þá loftslagsáhætta sem fram kemur á efnahagsreikningum þeirra. Bankinn mun vinna með fjármálafyrirtækjum til að öðlast betri skilning á loftslagsáhættuþáttum er snúa að fjármálakerfinu og hagkerfinu í heild,

bæði raunáhættu og umbreytingaráhættu, s.s. áhættu sem tengist umbreytingu í lágkolefnis- eða kolefnishlutlaust hagkerfi.

- Seðlabankinn stefnir að því að taka mið af loftslagsáhættu í álagsprófum á fjármálakerfinu og aðilum fjármálamarkaðar, á grundvelli sviðsmynda NGFS. Bankinn mun nota niðurstöðu prófanna til að koma auga á veikleika í efnahagsreikningum fjármálafyrirtækja og vekja þau og aðra hagaðila til vitundar um hugsanleg áhrif loftslagsáhættu á fjármálastöðugleika.
- Seðlabankinn mun setja lágmarkskröfur um hvernig taka skuli tillit til loftslagsáhættu við varðveislu gjaldeyrisforðans.
- Seðlabankinn mun miðla þekkingu á loftslags-tengdum viðfangsefnum sem hann öðlast á grundvelli reynslu sinnar, sérfræðikunnáttu og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi með fjármála-fyrirtækjum og öðrum stjórnvöldum til þess að auðvelda þeim að auka og styrkja vinnu sína á þessu sviði.
- Seðlabankinn mun nota fræðsluefni frá NGFS til að veita starfsfólk sínauðsynlega færni og þekkingu á loftslagstengdum áhættuþáttum í því skyni að innleiða viðeigandi tillögur NGFS á skilvirkan hátt.

Ítarefni

Kalkofninn: [Seðlabankar hafa hlutverki að gegna í loftslagsmálum](#)

Kalkofninn: [Sviðsmyndagreiningar vegna loftslagsáhættu](#)

Erindi Gunnars Jakobssonar á málstofu vísindanefndar um loftslagsmál

Yfirlýsing [Seðlabankans í loftslagsmálum](#)

Árskýrsla [Seðlabankans 2021](#)

Scenarios in Action: [A progress report on global supervisory and central bank climate scenario exercises](#)



SJÁLFBÆRNISKÝRSLA
2021